

Samantekt niðurstaðna Skólapúlsins í mars.

Kvíslarskóli tekur þátt í könnunum Skólapúlsins mánaðarlega. Við lítum svo á að sú þátttaka gefi okkur vísbendinar um hvar við stöndum okkur vel og hvað mætti betur fara í skólastarfinu.

Nú hafa um 300 nemendur svarað könnuninni og lítið breyst síðan við upplýstum ykkur síðast.


Könnunin skiptist í þrjá hluta:

1. Virkni nemenda í skólanum.
2. Líðan og Heilsa.
3. Skóla – og bekkjarandi.

Niðurstöður Kvíslarskóla eru ennþá almennt á pari við landið en þó er marktækur munur á nokkrum þáttum.

Einelti mælist ennþá lítið sem ekkert í Kvíslarskóla og komum við betur út hvað það varðar miðað við skóla á landsvísu. Hér er marktækur munur **-5,7***

Tölfræðilega marktækur munur á hópum skv. kí-kvaðrat prófi.



Við lítum eineltismál alvarlegum augum og tökum á þeim með festu og alvöru. Tvær eineltistilkynningar hafa borist eineltisteymi skólans það sem af er skólaárinu og leystust þau mál farsællega. Tvær tilkynningar er tveimur of mikið en telst mjög lítið í tæplega 400 nemenda

unglingaskóla. Við bendum á að eineltisáætlunin og tilkynningareyðublöðin eru aðgengileg á heimasíðunni.

Agí í tímum virðist meiri í Kvíslarskóla en í öðrum skólum. Vinnuandinn virðist líka meiri í Kvíslarskóla ef marka má niðurstöðurnar. Svo virðist sem nemendur okkar finni ró og frið í kennslustundum. Bekkjarandinn virðist mun betri í Kvíslarskóla en í öðrum skólum á landsvísu og jákvæð stemning í nemendahópnum. Hér er marktækur munur. Spurningarnar sem mynda þann matsþátt eru:

Hve oft gerist eftirfarandi í kennslutímum há þér?

1. Kennarinn þarf að bíða lengi eftir því að nemendur róist.
2. Nemendur geta ekki unnið vel.
3. Nemendur hlusta ekki á það sem kennarinn segir.
4. Nemendur byrja ekki að vinna fyrr en langt er liðið á kennslustundina.
5. Það er hávaði og óróleiki.

Við erum afar ánægð með þessa niðurstöðu þar sem agí í kennslustunum er mjög mikilvægur hvað varðar líðan og námsárangur nemenda okkar.

Leiðsagnarmat þarfnast úrbóta hjá okkur.

Spurningarnar sem mynda þann matsþátt eru:

1. Kennararnir láta mig vita hve vel mér gengur í náminu.
2. Kennararnir ræða við mig um það sem gengur vel hjá mér og það sem gengur illa hjá mér.
3. Kennararnir segja mér hvað ég þarf að gera til að ganga betur í náminu.

Við erum þegar farin að skoða leiðir til að bæta þennan matsþátt. Lögð verður áhersla á að leiðbeina nemendum við að ígrunda eftirfarandi spurningar:

1. Hvert stefni ég?
2. Hvar er ég núna?
3. Hvernig næ ég markmiðunum

Einnig verður lögð áhersla á sjálfsmat og nemendastýrð viðtöl sem á að draga fram styrkleika nemenda og fá þá til að hugleiða hvað þeir geti gert til að verða enn betri námsmenn, meðal annars með því að taka virkari þátt í eigin mati og setja sér fleiri markmið og viðmið um árangur. Við erum að gera þetta nú þegar en þurfum að skoða hvernig við getum náð betri árangri.

Undir liðnum virkni nemenda í skólanum er meðal annars mæld ánægja nemenda af lestri.

Ánægja nemenda af lestri er nokkurn veginn á pari við landið en við hvetjum ykkur foreldra til að hlusta á börnin ykkar lesa og vekja áhuga þeirra á lestri með því að viðja að þeim áhugverðum bókum þar sem innihaldið fellur að áhuga þeirra. Lestur er grunnur að frekara námi eins og við vitum.

Opin svör er því miður ekki hægt að birta beint en miðað við svör nemenda eru þeir mjög ánægðir með skólann sinn. **Hér á eftir fara nokkrir punktar frá nemendum um hvað þeim þykir gott við skólann:**

1. Góðir vinir
2. Góður matur og langar frímínútur
3. Böllin og gott félagslífið
4. Kennararnir eru fínir krakkarir skemmtilegir og yfir allt frekar got við skólann
5. Það eru sófar til að nota í frímínútum
6. Góðir kennarar
7. Heimsljós
8. Hreyfingin í íþróttum
9. Flipp flopp
10. Maturinn er fín og íþróttahúsið líka
11. Við höfum frekar mikið frelsi
12. Stærðfræði
13. Það er góður andi í skólanum og kennararnir eru góðir. Þeir eru skemmtilegir og sýna áhuga á að láta nemendum líða vel. Krakkarnir í mínum árgangi eru hressir og oftast mjög skemmtilegir.
14. Kennararnir eru góðir og yndælir við nemendur sína

15. Það er varla einelti í gangi eða ekki sem ég veit af

Í opnum svörum eru nemendur einnig beðnir um að segja hvað betur mætti fara í skólanum.

Hér koma dæmi um hvað nemendur höfðu að segja.

1. Maturinn mætti vera betri
2. Sakna skápanna
3. Of mörg verkefni og próf
4. Umgengnin mætti vera betri
5. Mikilvægt að taka tillit til allra nemenda
6. Vantar fótboltavöll fyrir Kvíslarskóla

Skáparnir eru á áætlun næsta haust þegar neðri hæðin verður tilbúin. Búið er að lagfæra hreystibrautina og ánægjulegt að sjá nemendur nýta sér hana í frímínútum. Við erum sífellt að minna nemendur á að ganga vel um skólann sinn og umgengnin hefur lagast til muna hjá okkur. Í Kvíslarskóla er lögð áhersla á símat og því fylgir frekar ör próf- og verkefnavinna allan veturinn.

Aprílkönnunin stendur nú yfir og síðasta könnunin verður í maí. Við munum draga saman niðurstöðurnar eftir maí könnunina og upplýsa ykkur.

Með vinsemd, virðingu.

Fyrir hönd starfsfólks Kvíslarskóla.

Björk Einisdóttir deildarstjóri tók saman.